



ÁRSSKÝRSLA GARÐABÆJAR 2015



Skjal sótt af: '00000000000' dags: 25.03 2026





ÞJÓNUSTUVER GARÐABÆJAR

Garðatorgi 7
210 Garðabær
Sími: 525 8500
Fax: 565 2332
Netfang: gardabaer@gardabaer.is
Veffang: www.gardabaer.is

Afgreiðslutími:

Mánudaga til miðvikudaga kl. 8-16
fimmtudaga kl. 8-18
föstudaga kl. 8-14

EFNISYFIRLIT

Ávarp bæjarstjóra	3
Yfirstjórn Garðabæjar	5
Fjármála- og stjórnsýslusvið	6
Fjölskyldusvið	10
Fræðslu- og menningarsvið	15
Tækni- og umhverfissvið	22
Ársreikningur	26
Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar	27
Áritun óháðs endurskoðanda	28
Rekstrarreikningur	29
Efnahagsreikningur	30
31. desember 2013	31
Sjóðstreymisyfirlit	32
Skýringar	33



GAGNSÆI OG LÝÐRÆÐI

Árið 2015 var íslenskum sveitarfélögum erfitt. Ríkið hefur ekki brugðist við áskorun um endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga og standa þeir í dag vart undir þeim verkefnum sem sveitarfélögum eru falin skv. stjórnarskrá og lögum. Einnig urðu miklar launahækkanir á árinu sem reyndust sveitarfélögum mjög dýrar. Garðabær greiddi að auki tæpar 150 milljónir króna með rekstri hjúkrunarheimilisins Ísafoldar á árinu þar sem daggjöldin, sem eru ákvörðuð af ríkinu, stóðu ekki undir kostnaði við reksturinn.

FÖGNUM JÁKVÆÐRI NIÐURSTÖÐU

Þegar allt þetta er haft í huga er ástæða til að fagna jákvæðri niðurstöðu ársreiknings Garðabæjar árið 2015, um 165 milljónir króna. Ekki síst þegar haft er í huga að á árinu voru miklar framkvæmdir á vegum bæjarins en alls var framkvæmt fyrir um 1,6 milljarð króna. Þessa niðurstöðu má rekja til tveggja þátta. Í fyrsta lagi til sterkrar fjárhagslegrar stöðu Garðabæjar og í öðru lagi til þess að vel hefur verið haldið utan um reksturinn á öllum sviðum á árinu. Ég vil nota þetta tækifæri og þakka starfsmönnum og bæjarstjórn Garðabæjar fyrir þeirra góða starf sem hefur skilað þessum árangri.

FAGMENNSKA OG METNAÐUR

Þótt fjárhagslegt svigrúm geti verið mismikið frá ári til árs er fagmennska og metnaður alltaf leiðarljósið í starfsemi Garðabæjar. Á árinu var tekin ákvörðun um að birta gögn með fundargerðum á vef Garðabæjar í þeim tilgangi að auka gagnsæi og lýðræði. Með þessari ákvörðun er íbúum og fjölmiðlum gert auðveldara að kynna sér þau mál sem koma til ákvörðunartöku hjá bæjarráði og fylgjast með starfi þess. Á árinu var einnig samþykkt tillaga um að opna nefndarfundir eins og kostur er.

Eitt af ánægjulegri verkefnum ársins var stofnun þróunarsjóða leik- og grunnskóla. Markmið þeirra er að stuðla að framþróun í skólastarfi í bænum. Fjölmargar umsóknir bárust um styrki úr sjóðunum til margra og ólíkra verkefna sem ná til flestra sviða skólastarfsins. Verkefnin koma án efa til með að skila sér í enn betra og fjölbreyttara skólastarfi á næstu árum.

Meðal framkvæmda á árinu má nefna viðbyggingu Hofsstaðaskóla sem lauk á árinu og einnig var byrjað á framkvæmdum við nýjan Urriðaholtsskóla.

Ein af stóru stundunum á árinu var þegar ritverkið Saga Garðabæjar eftir Steinar J. Lúðvíksson, kom út. Saga Garðabæjar er mikið verk í fjórum bindum sem segir sögu okkar landssvæðis allt frá landnámi. Að baki ritinu liggur gífurleg vinna og í því liggja mikil verðmæti sem þó verða ekki metin til fjár.

NÝTT AÐALSKIPULAG

Að öðru ólöstuðu var stærsta verkefni ársins vinna við nýtt aðalskipulag Garðabæjar fyrir tímabilið 2016 – 2030. Nýtt aðalskipulag verður fyrsta aðalskipulag sameinaðs sveitarfélags Garðabæjar og Álftaness. Í því felst mikilvæg stefnumótun um nýtingu lands, umhverfisvernd og þróun byggðar til framtíðar. Haldnir voru fundir með íbúum og þeir hvattir til að fylgjast með og taka þátt í vinnunni.

Í október var einnig auglýst samkeppni um rammaskipulag byggðar fyrir ungt fjölskyldufólk við Hraunsholtslæk sem verður spennandi að sjá niðurstöður úr.

AÐ LOKUM

Þótt þessi pistill hafi hafist á nokkuð dökkum nótum þá er bjart yfir Garðabæ. Hér er gott samfélag, fallegt umhverfi og framþróun á mörgum sviðum. Samstarf bæjaryfirvalda og íbúa er gott og vilji til að efla það enn og bæta. Ég hvet íbúa til að vera virka í umræðum um bæjarmálin og láta frá sér heyra hvort sem það er til að lofa eða lasta eða jafnvel til að velta upp hugmyndum og eiga samtál um mál sem þá varðar.

Ég þakka fyrir samstarf og samskipti á árinu 2015 og segi eins og oft áður „Áfram með smjörið!“.

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri

YFIRSTJÓRN BÆJARINS

Bæjarstjórn Garðabæjar fer með stjórn bæjarins samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga. Hún fer með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarins, að svo miklu leyti sem hún hefur ekki falið hana öðrum.

Bæjarstjórn Garðabæjar er skipuð 11 fulltrúum. Á kjörtímabilinu 2014 til 2018 er bæjarstjórn skipuð sjö fulltrúum frá Sjálfstæðisflokki, tveimur fulltrúum Bjartrar framtíðar, einum fulltrúa Samfylkingarinnar og einum fulltrúa Fólksins í bænum.

Sigríður Hulda Jónsdóttir var kjörin forseti bæjarstjórnar til eins árs á fundi bæjarstjórnar í júní. Á sama fundi var Áslaug Hulda Jónsdóttir kjörin formaður bæjarráðs til eins árs.

Í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna til Alþingis var samþykkt að halda sérstakan hátíðarfund í bæjarstjórn sem var í ágúst og sátu fundinn eingöngu kvenbæjarfulltrúar. Til fundarins var sérstaklega boðið stúlkum sem luku grunnskólanámi um vorið, stúlkum í ungmennaráði, konum sem sitja í fastanefndum bæjarins og konum sem hafa verið fulltrúar í hreppsnefnd eða bæjarstjórn Garðabæjar og Álftaness. Fundurinn var öllum opin, líkt og aðrir fundir bæjarstjórnar og var hann vel sóttur af konum úr Garðabæ.

Bæjarstjórn heldur fundi að jafnaði tvisvar í mánuði í Kirkjuhvoli. Fundirnir eru haldnir fyrsta og þriðja fimmtudag í mánuði og hefjast klukkan 17. Fundir bæjarstjórnar eru öllum opnir. Fundargerðir bæjarstjórnar eru birtar á vef bæjarins, að jafnaði daginn eftir fund. Fundir bæjarstjórnar eru hljóðritaðir og eru upptökur aðgengilegar á vef bæjarins.

Bæjarráð Garðabæjar er skipað fimm fulltrúum sem eru kosnir árlega úr hópi bæjarfulltrúa á fyrsta fundi bæjarstjórnar í júní. Sá stjórnmalaflokkur sem ekki fær mann kjörinn í bæjarráð er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa. Bæjarráð fer með framkvæmdastjórn bæjarins ásamt bæjarstjóra. Bæjarráð fundar að jafnaði einu sinni í viku, á þriðjudagsmorgnum. Fundir bæjarráðs eru lokaðir en fundargerðir eru birtar á vef bæjarins samdægurs.

Fundargerðir nefnda bæjarins eru einnig birtar á vef Garðabæjar.

Þjónustuver Garðabæjar er í ráðhúsinu við Garðatorg. Þar er veitt öll almenn þjónusta við viðskiptavinum bæjarins bæði á staðnum og í síma. Í ráðhúsinu er einnig skrifstofuhald fyrir þau fjögur svið sem þjónusta bæjarins skiptist í, þ.e. fjármála- og stjórnsýslusvið, fjölskyldusvið, fræðslu- og menningarsvið og tækni- og umhverfissvið.

Bæjarstjóri Garðabæjar er Gunnar Einarsson.



FJÁRMÁLA- OG STJÓRNSÝSLUSVIÐ

Fjármála- og stjórnsýslusvið er stoðsvið sem vinnur þvert á fagsvið stjórnsýslunnar. Helstu verkefni sviðsins eru umsjón og eftirlit með daglegum fjármálalegum rekstri, starfsmannahald, umsjón með tölvukerfum bæjarins, upplýsingagjöf og þjónusta við bæjarbúa. Á fjármála- og stjórnsýslusviði fer fram innheimta á öllum kröfum bæjarsjóðs, þ.m.t. fasteignagjöldum, leikskólagjöldum og gatnagerðargjöldum.

Forstöðumaður sviðsins er bæjarritari. Hann er jafnframt skrifstofustjóri bæjarskrifstofanna og staðgengill bæjarstjóra. Stöðugildi eru samtals 25.

Fjármála- og stjórnsýslusvið skiptist í fjármálaþjónustu, starfsmannahald, tölvudeild og upplýsingadeild.

STJÓRNSÝSLA

Í upphafi árs 2016 voru liðin 40 ár frá því að lög um kaupstaðarréttindi Garðabæjar tóku gildi. Af því tilefni skipaði bæjarstjórn á árinu 2015 afmælisnefnd sem fékk það hlutverk að setja fram tillögur til bæjarráðs um einstaka viðburði og dagskrá hátíðarhalda. Formaður nefndarinnar er Áslaug Hulda Jónsdóttir, bæjarfulltrúi.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti haustið 2015 að fela bæjarstjóra að semja reglur á grundvelli sveitarstjórnarlaga um að fundir fastanefnda bæjarstjórnar Garðabæjar verði almennt haldnir í heyranda hljóði.

UPPLÝSINGAÐEILD

Upplýsingadeild tilheyrir upplýsingamál, skjalastjórn og þjónustuver bæjarins.

Á vef Garðabæjar er hægt að sjá fundargerðir bæjarráðs, bæjarstjórnar og nefnda bæjarins. Í lok mars 2015 voru samþykktar reglur um birtingu gagna með fundargerðum á vef Garðabæjar þar sem gerð eru aðgengileg þau gögn sem varða viðkomandi mál og fylgdu fundarboði eða voru lögð fram á viðkomandi fundi.

Að meðaltali heimsóttu 3315 vef Garðabæjar, www.gardabaer.is, á viku, á árinu 2015 (hver er aðeins talinn einu sinni í hverri viku). Síðuflettingar voru að meðaltali 15.324 í viku. Fésbókarsíða bæjarins er orðin einn af helstu miðlum hans til upplýsingar og hefur fylgjendum hennar fjölgað smám saman.

Á árinu var unnið að gerð innri vefs fyrir starfsmenn Garðabæjar sem fór í loftið um vorið og aftur í endurbættri mynd um haustið. Innri vefurinn var tilnefndur til Íslensku vefverðlaunanna 2015 en þau eru veitt af Samtökum vefiðnaðarins.



Frumkvöðlasetrið Kveikjan sem Nýsköpunarmiðstöð Íslands annast rekstur á í samstarfi við Hafnarfjarðarbæ og Garðabæ flutti í nýtt húsnæði að Flatahrauni 14 í Hafnarfirði á árinu.



Ritverkið Saga Garðabæjar I-IV, eftir Steinar J. Lúðvíksson, kom út á árinu. Saga Garðabæjar er mikið ritverk, liðlega 1900 blaðsíður, sem skipað er niður í fjögur bindi. Verkið er búið fjölmörgum ljósmyndum af fólki, byggð og náttúrufari.

Garðabær og Gagnaveita Reykjavíkur gerðu á árinu með sér viljayfirlýsingu um samstarf við ljósleiðaravæðingu heimila í Garðabæ. Gert er ráð fyrir að 5.300 heimili í bænum verði tengd ljósleiðara frá Gagnaveitunni fyrir lok árs 2018.

MANNAUÐSDEILD

Á mannauðsdeild störfuðu fimm starfsmenn í 4,8 stöðugildum árið 2015. Í launaarmi mannauðsdeildar störfuðu fjórir starfsmenn en í mannauðsarmi starfaði einn starfsmaður þ.e. mannauðsstjóri. Nýr mannauðsstjóri, Inga Þóra Þórisdóttir, tók til starfa 1. október.

Vinna að innleiðingu nýrra heildarlausna í mannauðs- og launamálum hófst á haustmánuðum 2014 og í upphafi árs 2015 hélt vinnan við innleiðingu launakerfisins áfram. Almennt gekk innleiðingin vel en enn er unnið að frekari endurbótum á kerfinu til hagræðingar, aukinnar yfirsýnar og bættis aðgengis að upplýsingum, bæði fyrir stjórnendur og starfsmenn.

Sumarið 2015 jókst fjöldi starfsmanna á launaskrá um rúmlega 800 manns við komu ungs fólks í árleg sumarstörf. Á mannauðsdeild kom einn sumarstarfsmaður í vinnu og var hans helsta verkefni að halda utan um skráningu sumarstarfsfólksins.

Í október hélt vinna við innleiðingu áfram er nýtt launaáætlunarkerfi var tekið í notkun og tóku allir starfsmenn mannauðsdeildar þátt í þeirri vinnu ásamt fjármálastjóra. Launaáætlun er stór hluti af fjárhagsáætlun og er launakostnaður einn stærsti útgjaldaliður bæjarins enda voru rúmlega þúsund starfsmenn í rúmlega sjö hundruð stöðugildum við störf hjá Garðabæ í lok árs 2015.

FJÁRMÁLAEILD

Fjármálaþjónusta tilheyrir innheimta, bókhald og fjármálastjórnun.

Rekstrarniðurstaða Garðabæjar árið 2015 var jákvæð um 165 milljónir króna. Miklar framkvæmdir voru á árinu, fyrir alls um 1,6 milljarð króna. Skuldahlutfallið er 101% af tekjum sem er langt undir viðmiði sveitarstjórnarlaga.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti í september að taka lán að fjárhæð 430 milljónir króna. Lánið fékkst á afar hagstæðum kjörum, með 2,9% vöxtum, eftir útboð á skuldabréfum í stækkuðum skuldabréfaflokki bæjarins. Kjörin sýna ótvírætt styrka fjárhagsstöðu bæjarfélagsins.

TÖLVUDEILD

Í tölvudeild Garðabæjar voru fimm starfsmenn á árinu 2015. Tölvudeild sér um rekstur á 850 tölvum hjá Garðabæ. Virkir notendur eru rúmlega 3.000 og eru þá meðtaldir nemendur í grunnskólum bæjarins. Tölvudeild sinnir notendaþjónustu, uppsetningu tölvubúnaðar, innkaupum á vél- og hugbúnaði, samskiptum við birgja, ráðgjöf í tölvu og tæknimálum og fleiri verkefnum sem upp koma. Miðlægur rekstur netþjóna er vistaður hjá tölvufyrirtækinu Þekkingu ehf.

Vorið 2015 fékk tölvudeild stærra húsnæði undir starfsemi sína á 4. hæð í Ráðhúsinu.



FJÖLSKYLDUSVIÐ

Fjölskyldusvið fer með framkvæmd þeirra mála er lúta að félagslegri þjónustu bæjarins, barnavernd og jafnréttismálum. Til félagslegrar þjónustu teljast m.a. félagsleg ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, félagsleg heimaþjónusta, málefni barna og ungmenna, málefni aldraðra, málefni fatlaðs fólks og húsnæðismál.

Á fjölskyldusviði á bæjarskrifstofum störfuðu á árinu 2015 sjö starfsmenn í jafnmörgum stöðugildum.

FJÁRHAGSAÐSTOÐ OG FÉLAGSLEG RÁÐGJÖF

Á fjölskyldusviði er sinnt bæði almennri ráðgjöf er varðar ýmis réttindi fólks og ráðgjöf í einkamálum. Fólk leitar t.d. ráðgjafar varðandi hjónaskilnaði, uppeldismál, fjármál og tryggingamál.

Fjárhagsaðstoð er veitt skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og reglum þeim sem bæjarstjórn Garðabæjar hefur sett um fjárhagsaðstoð í sveitarfélaginu. Áhersla er lögð á ráðgjöf og leiðbeiningar samhliða fjárhagsaðstoð og gengið út frá því að fjárhagsaðstoð sé tímabundið úrræði.

Á árinu fengu samtals 142 einstaklingar/fjölskyldur fjárhagsaðstoð.

BARNAVERND

Markmið barnaverndar er að tryggja börnum viðunandi uppeldisskilyrði. Samkvæmt barnaverndarlögum er almenningi og hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart verði viðkomandi var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu með atferli sínu. Í flestum málum er varða barnavernd næst samkomulag við forsjáraðila og nægja þannig almennar stuðnings og fyrirbyggjandi aðgerðir.

Á árinu bárust alls 259 barnaverndartilkynningar. Flestar tilkynningar er berast barnaverndarnefnd koma frá lögreglu, sjúkrastofnunum, foreldrum og grunnskólum bæjarins.

Bakvakt barnaverndar sinnir neyðartilvikum eftir opnunartíma á bæjarskrifstofum. Garðabær, Hafnarfjörður og Kópavogur hafa með sér samstarf um bakvaktir barnaverndar.

ÆTTLEIÐINGAR- OG UMSAGNARMÁL

Barnaverndarnefndir hafa með höndum ýmis verkefni sem varða leyfisveitingar vegna úrræða í barnaverndarmálum svo og umsagnir í málefnum barna vegna úrlausna annarra yfirvalda, svo sem sýslumanna, dómstóla og dómsmálaráðuneytis. Ýmis úrræði á ábyrgð sveitarfélaga skv. ákvæðum barnaverndarlaga eru leyfis skyld og ber barnaverndarnefnd í flestum tilvikum að afgreiða leyfin s.s. vegna sumardvala, tilsjónarmanna og persónulegra ráðgjafa og stuðningsfjölskyldna. Nokkur slík leyfi voru afgreidd á árinu. Sýslumaðurinn í Reykjavík veitir leyfi til ættleiðinga sbr. lög um ættleiðingar nr. 130/1999 og reglugerð um ættleiðingar nr. 238/2005. Í 16. gr. ættleiðingarlaga kemur fram að leita skuli umsagnar barnaverndarnefndar þegar umsókn berst um leyfi til ættleiðingar.

Í ættleiðingarmálum getur verið um að ræða úttektir og umsagnir vegna ættleiðingar á erlendum börnum, ættleiðingar nýfæddra barna, stjúp barna og fósturbarna. Á árinu 2015 var til meðferðar á fjölskyldusviði eitt ættleiðingarmál.



FORVARNAMÁL

Starf að forvörnum í Garðabæ hefur skilað góðum árangri á undanförunum árum. Rannsóknir sýna að almennt virðast börn og ungmenni í Garðabæ vera á góðu róli. Vímuefnaneysla grunnskólabarna í Garðabæ hefur undanfarin ár verið á niðurleið eins og reyndar á landinu öllu.

UNGmennaráð

Ungmennaráð Garðabæjar er bæjaryfirvöldum til ráðgjafar í ýmsum málum sem varða ungt fólk. Í ungmennaráði eru ellefu ungmenni á aldrinum 13-17 ára. Ungmennaráð Garðabæjar hélt fimm fundi á árinu 2015 auk vinnufunda. Tveir fulltrúar ráðsins sóttu ráðstefnu UMFÍ, Ungt fólk og Lýðræði sem haldin var í mars á Hótel Stykkishólmi. Þema ráðstefnunnar var ungt fólk í atvinnulífi. Ráðið lagði til að sú breyting yrði gerð á erindisbréfi Ungmennaráðs að fulltrúar gætu setið lengur í ráðinu en til 2ja ára í senn og var sú breyting samþykkt af bæjarstjórn um haustið.

FÉLAGSLEG HEIMAÞJÓNUSTA

Félagsleg heimaþjónusta er ætluð þeim sem ekki geta séð hjálparlaust um heimilishald og persónulega umhirðu vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags, veikinda, barnsburðar eða fötlunar.

Á árinu 2015 fengu samtals 353 heimili félagslega heimaþjónustu. Þar af voru heimili aldraðra 305, heimili öryrkja/fatlaðra 25 og önnur heimili 23.

Heimsendur matur er einn þáttur félagslegrar heimaþjónustu. Það eru helst aldraðir sem nýta þetta þjónustuúrræði. Á árinu nýttu sér alls 63 heimili heimsendingu matar.

MÁLEFNI ALDRAÐRA

Þjónusta við eldri borgara er margþætt og má nefna hér félagslega heimaþjónustu, heimsendingu matar, fyrirbyggjandi heimsóknir, vistunarmat aldraðra, almenna félagsráðgjöf og félags- og tómstundastarf.



ÍSAFOLD - HJÚKRUNARHEIMILI OG ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ

Í apríl var ný aðstaða fyrir sjúkra- og iðjubjálfun tekin í notkun á Ísafold. Aðstaðan er á 1. hæð í þjónustumiðstöð fyrir aldraða.

Á árinu áttu sér stað viðræður á milli Garðabæjar og velferðarráðuneytisins um fjármögnun á starfsemi hjúkrunarheimilisins en daggjöldin standa ekki

undir kostnaði við starfsemina. Undir lok ársins, þegar ljóst var að viðræðurnar skiluðu ekki árangri, óskaði Garðabær eftir því að ríkið yfirtæki reksturinn. Vorið 2016 hefur enn ekki skýrst hver taki við rekstrinum þegar Garðabær lætur hann af hendi.

HÚSNÆÐISMÁL

Markmið laga um húsaleigubætur er að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra leigjenda og að draga úr aðstöðumuni á húsnæðismarkaðinum. Húsaleigubætur í Garðabæ voru greiddar til 268 heimila á árinu og sérstakar húsaleigubætur til 33 heimila. Garðabær á alls 28 félagslegar leiguíbúðir sem leigðar eru til tekju- og efnalítilla fjölskyldna.

MÁLEFNI FATLAÐS FÓLK

Þjónusta við fatlað fólk er margvísleg, svo sem ráðgjöf og stuðningur við fatlað fólk og foreldra fatlaðra barna, þjónusta á heimilum, hæfing, starfsþjálfun, vernduð vinna, stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn, skammtí mavistun og ferðaþjónusta. Þjónustan miðar að því að tryggja fötluðu fólki jafnrétti og skapa því skilyrði til að lifa eðlilegu lífi og taka virkan þátt í samfélaginu.

Í skammtí mavistuninni í Móaföt dvelja börn og ungmenni á aldrinum 8 til 16 ára frá tveimur og upp í sjö sólarhringa í mánuði. Börnin koma frá Garðabæ, Seltjarnarnesi, Mosfellsbæ/Kjós, Kópavogi og Hafnarfirði. Alls voru 39 börn með reglubundnar vistanir þar árið 2015 og úthlutað var 1515 sólarhringum. 25 börn og ungmenni nutu þjónustu stuðningsfjölskyldu á árinu.

Ungmenni eldri en 18 ára eiga kost á skammtímavistun í Hrauntungu og Hnotubergi og fara einstaklingar úr Garðabæ þangað í reglubundnar dvalir. Tveir einstaklingar úr Garðabæ dvelja tvær vikur í senn í skammtímavistuninni í Hrauntungu í hverjum mánuði og þrír einstaklingar dvelja reglubundið í Hnotubergi.

Fyrir fatlað fólk sem ekki er starfandi á almennum vinnumarkaði eru starfræktar hæfingarstöðvar auk starfsþjálfunar sem fram fer í Örva. Alls sækir 21 fatlaður íbúi í Garðabæ slíka þjónustu daglega. Sumarið 2015 var einnig boðið upp á atvinnutengd frístundaúrræði fyrir fötluð ungmenni.

Frekari liðveisla er almennt veitt þeim sem eru 18 ára og eldri og þurfa margháttaða aðstoð við athafnir daglegs lífs á heimilum sínum. Alls nutu fjórir einstaklingar frekari liðveislu á árinu. Félagsleg liðveisla er persónulegur stuðningur og aðstoð sem einkum miðar að því að rjúfa einangrun fatlaðra einstaklinga. Liðveisla var veitt 27 einstaklingum á aldrinum 6 til 30 ára á árinu og var tímafjöldi að jafnaði 8 til 20 á mánuði.

Ferðaðþjónusta fatlaðs fólks er ætluð til afnota fyrir þá fötluðu íbúa sveitarfélagsins sem vegna fötlunar sinnar geta ekki nýtt sér þjónustu almenningsvagna. Þjónustunni er ætlað að gera þessum íbúum kleift að stunda atvinnu og nám og njóta tómstunda. Á árinu nýttu um 109 einstaklingar sér ferðaðþjónustuna. Heildarfjöldi ferða var u.þ.b. 19.530.

Notendastýrð persónuleg aðstoð, NPA, er tímabundið tilraunaverkefni sem Garðabær tekur þátt í. NPA er ætlað að mæta þörfum fatlaðs fólks fyrir aðstoð heima og úti í samfélaginu. Þjónustan er skipulögð á forsendum notandans og undir verkstjórn hans. Alls fimm einstaklingar voru með NPA samning á árinu.

SAMEIGINLEGT ÁTAK GEGN HEIMILISOFBELDI

Bæjarstjórar Garðabæjar, Kópavogs og Hafnarfjarðar og Sigríður Björk Guðjónsdóttir lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu undirrituðu í maí samstarfsyfirlýsingu um átak gegn heimilisofbeldi. Markmið átaksins er að gefa skýr skilaboð um að heimilisofbeldi verði ekki liðið. Þannig vinna lögreglan og félagsþjónusta sveitarfélaganna saman að því að aðstoða fjölskyldur á markvissan hátt, tryggja öryggi barna og veita þeim stuðning og leiðbeina. Þjónusta við þolendur heimilisofbeldis er bætt, málin eru rannsökuð betur og upplýsingar um úrræði og eftirfylgd við þolanda er aukin. Þá býðst gerendum aðstoð í formi ráðgjafar og meðferðar.

MÁLEFNI FLÓTTAFÓLKS

Málefni flóttafólks voru mikið í umræðunni á árinu, á Íslandi sem annars staðar í Evrópu. Garðabær lýsti formlega yfir vilja til að taka þátt í verkefni ríkisstjórnarinnar um móttöku og aðstoð við hópa flóttafólks.



FRÆÐSLU- OG MENNINGARSVIÐ

Fræðslu- og menningarsvið fer með yfirstjórn málefna grunnskóla og leikskóla bæjarins, tónlistarskóla, íþrótta-, tómstunda- og menningarmála.

Á fræðslu- og menningarsviði eru 9 starfsmenn í 6,2 stöðugildum.

Forstöðumaður sviðsins er Margrét Björk Svavarsdóttir.

SKÓLASTARF

Á árinu var í fyrsta sinn auglýst eftir umsóknum í nýstofnaða þróunarsjóði leik- og grunnskóla en markmið þeirra er að stuðla að framþróun og öflugra innra starfi skóla í Garðabæ. Alls bárust 49 umsóknir í Þróunarsjóð grunnskóla. Heildarúthlutun var um 25 milljónir króna og hlutu 32 verkefni styrk. Í Þróunarsjóð leikskóla bárust umsóknir um 19 verkefni og hlutu þau öll styrk. Heildarúthlutun nam 7,7 milljónum króna.

Aðild Garðabæjar að þjóðarsáttmála um læsi var staðfest með undirritun samnings í Flataskóla í lok ágúst. Það voru þau Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri og Sigrún Edda Eðvarðsdóttir, formaður Grunnstofnar Garðabæjar, sem undirrituðu samninginn að viðstöddum gestum. Markmið þjóðarsáttmálans er að öll börn geti við lok grunnskólans lesið sér til gagns.

GRUNNSKÓLAR

Garðabær starfrækir fimm grunnskóla: Álftanesskóla, Flataskóla, Hofstaðaskóla, Sjálandsskóla og Garðaskóla. Álftanesskóli og Sjálandsskóli eru heildstæðir grunnskólar með nemendum í 1.-10. bekk. Í Flataskóla og Hofstaðaskóla eru nemendur í 1.-7. bekk og í Garðaskóla eru nemendur í 8.-10. bekk. Í bænum eru einnig tveir einkareknir grunnskólar, Barnaskóli Hjallastefnunnar með 1.-7. bekk og Alþjóðaskólinn með nemendum á aldrinum 5-12 ára en hann er starfræktur í húsnæði Sjálandsskóla.

INNRA STARF

Skólasetning var í grunnskólum Garðabæjar þriðjudaginn 25. ágúst 2015. Þegar skólaárið 2015-2016 hófst voru 2330 nemendur innritaðir í 1.-10. bekk grunnskóla í Garðabæ. Þar af hófu 265 börn nám í 1. bekk.

Foreldrum barna sem hófu nám í 1. bekk haustið 2015 var boðið á kynningarfundir í skólunum. Nemendum sem hófu nám í 8. bekk haustið 2015 og foreldrum þeirra var einnig boðið á kynningar í Garðaskóla og Sjálandsskóla.

NOKKUR ATRIÐI ÚR STARFI GRUNNSKÓLANNA

Nemendur Flataskóla voru fyrstir íslenskra nemenda til að fræðast um ný heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna þegar kennslustund um efnið var „frumsýnd“ þar mánudaginn 28. september. Kennslustundin er þróuð af Unicef og var það Unicef á Ísland sem óskaði eftir því að skólinn tæki verkefnið að sér. Heimsmarkmiðin sem eru 17 talsins taka við af Púsaldarmarkmiðunum.

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppinnar fór fram í Félagsheimili Seltjarnarness miðvikudaginn 18. mars. Nemendur úr sjöunda bekk í Garðabæ og Seltjarnarnesi kepptu á lokahátíðinni. Garðabær var sigursæll þetta árið en í fyrsta sæti var Guðrún Margrét Bjarnadóttir úr Hofstaðaskóla, Gígja Hafsteinsdóttir úr Sjálandsskóla var í öðru sæti og í þriðja sæti var Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson úr Vífilsskóla.



Flataskóli var dreginn úr hópi skóla sem tóku þátt í afmælishátíð eTwinning 7. maí 2015 en þá fagnaði eTwinning verkefnið 10 ára afmæli sínu. Skólinn fékk veglega fjárupphæð til að verja til kaupa á tölvu- og tæknibúnaði og nemendur sem tóku þátt fengu svifdisk til að leika sér með.

Ný viðbygging við Hofstaðaskóla var opnuð þegar skólahald hófst í ágúst. Nýbyggingin er alls um 1100 m² að stærð, á tveimur hæðum. Á neðri hæð eru nýjar verkgreinastofur þ.e. stofur fyrir náttúrufræði, heimilisfræði, myndmennt, smíði og textíl. Á efri hæð eru fyrst og fremst ný stjórnunarrými svo sem afgreiðsla, skrifstofur og aðstaða starfsmanna. Einnig voru gerðar nokkrar breytingar á eldra húsnæði skólans.

Verkefninu „Hljójar hugsanir“ var hleypt af stokkunum í Sjálandsskóla í nóvember. Verkefnið gengur út á að nemendur, fjölskyldur þeirra, kennarar, starfsfólk skólans og allir aðrir sem hafa áhuga þrjóna húfur sem voru síðar sendar til flóttafólks á lestarstöðinni í Vínarborg af þarlandum skólabörnum. Silja Kristjánsdóttir, textílkennari í Sjálandsskóla átti frumkvæði að verkefninu.

Lið Garðalundar lenti í 3. sæti í fatahönnunarkeppni Samfés 2015 og fékk auk þess verðlaun fyrir förðun. Þemað þetta árið var náttúra og tók hönnun þeirra mið af jökulsprungu.

Sinfóníuhljómsveit Íslands heimsótti Álftanesskóla í byrjun mars og bauð nemendum skólans upp á tónleika í Íþróttamiðstöðinni á Álftanesi. Flutt voru lög úr öllum áttum, bæði íslensk og erlend. Nemendur tóku virkan þátt í tónleikunum og höfðu gaman af.

LEIKSKÓLAR

Garðabær rekur átta leikskóla auk leikskóladeildar í Flataskóla. Leikskólar Garðabæjar eru: Akrrar, Bæjarból, Holtakot, Hæðarból, Kirkjuból, Krakkakot, Lundaból og Sunnuhvoll. Tveir leikskólar í bænum eru reknir samkvæmt þjónustusamningi við Garðabæ, annars vegar leikskólinn Ásar og eru Litlu-Ásar deild út frá Ásum. Hins vegar er leikskólinn Sjáland sem rekinn er af Sjálandi ehf. Út frá honum er starfrækt leikskóladeild fyrir fimm ára börn í húsnæði Sjálandsskóla. Hjallastefnan rekur einnig leikskóladeild fyrir fimm ára börn í Barnaskóla Hjallastefnunnar að Vífilsstöðum og í Alþjóðaskólanum er einnig deild fyrir fimm ára börn.

FJÖLDI BARNNA Á LEIKSKÓLUM

Alls dvöldu 965 börn á leikskólum í Garðabæ veturinn 2014 – 2015. Flest börn voru á leikskólanum Sjálandi, alls 106.

INNRA STARF

Við innritun barna vegna skólaársins 2014 – 2015 var hægt að bjóða öllum börnum sem urðu 15 mánaða þann 1. september leikskóladvöl. Samstarf er á milli leikskólastjóra í Garðabæ og sitja þeir sameiginlegan fund með leikskólafulltrúa einu sinni í mánuði. Ellefu fundir voru haldnir veturinn 2014-2015. Er lögð áhersla á faglega umræðu og kynningu á helstu nýjungum í leikskólastarfi.

ÞRÓUNARVERKEFNI

Veturinn 2014 – 2015 var unnið að nokkrum þróunarverkefnum í leikskólum Garðabæjar. M.a. má nefna:

Verkefnið iLek, samstarfsverkefni vinabæja Garðabæjar, fékk styrk frá Nordplus að upphæð 4.800.000. Verkefnið var unnið á árunum 2013 – 2015. Markmið verkefnis var m.a. að styrkja norræn vinarbæjartengsl leikskóla í gegnum þróun kennslu með iPad í leikskólum. Lokaskýrslu verkefnisins má nálgast á vefnum www.ilek.is.

Kirkjuból var valinn sem frumkvöðlaleikskóli til að nota efnið Vinátta eða Fri for Mobberi af Barnaheill – Save the Children á Íslandi. Um er að ræða forvarnarverkefni gegn einelti fyrir leikskóla. Hvatt er til samtala og leikja með börnum sem byggja á gildum verkefnisins; umhyggju, virðingu, umburðarlyndi og hugrekki.

Sunnuhvoll fékk áframhaldandi styrk frá Lýðheilsusjóði til að vinna að markmiðum verkefnisins Ung börn í leikskóla. Áfangaskýrslu um verkefnið má finna á vef Garðabæjar.

Garðabær ásamt fjórum öðrum sveitarfélögum tekur þátt í verkefninu „Mat á námi og vellíðan leikskólabarna“ á árunum 2015-2018. Verkefnið felur í sér rannsókn á innleiðingu námsmats í leikskólum og hefur það markmið að auka gæði í leikskólastarfi.

Nánari upplýsingar eru í ársskýrslu leikskóla Garðabæjar fyrir skólaárið 2014-2015.

TÓNLISTARSKÓLI GARÐABÆJAR

Í Tónlistarskóla Garðabæjar stunduðu 515 nemendur nám á árinu 2015, í píanódeild, blásaradeild, slagverksdeild, strengjadeild, söngdeild, Suzukideild, rytmískrideild og forskóla. 53 starfsmenn voru við skólann. Í febrúar var Dagur Tónlistarskólanna haldinn hátíðlegur og þá var öllum bæjarbúum boðið í heimsókn í skólann.

Skólinn hlaut styrk frá menningar- og safnanefnd til að halda tónleika í apríl með blásarasveit, strengjasveit og góðum gestum, þeim Jóhönnu Vigdísi Arnardóttur og Jóni Svavari Jósefssyni. Fullt hús var á tónleikunum sem haldnir voru í Kirkjuhvoli, safnaðarheimili Vídalínskirkju.

Skólinn er aðili að Sinfóníuhljómsveit Tónlistarskólanna, en með því fá lengra komnir nemendur skólans sem læra á hljómsveitarhljóðfæri tækifæri til að spila í fullskipaðri sinfóníuhljómsveit. Hljómsveitarnámskeiðið fór fram í janúar og lauk með tónleikum í Langholtskirkju.

Skólaárið 2014 -15 þreyttu 46 nemendur áfangapróf í TG. Fimm nemendur luku framhaldsprófi og þar á meðal tveir nemendur í rytmískum gítarleik. Það eru fyrstu nemendurnir sem skólinn útskrifar frá rytmískri deild skólans. Tveir nemendur hlutu sumarlaun frá Garðabæ þeir Finnur Marteinn Sigurðarson gítarnemandi og Ólafur Hákon Sigurðarson saxófónnemandi.

DAGFORELDRAR

Veturinn 2014-2015 voru 7 dagforeldrar starfandi í Garðabæ. 35 börn voru í gæslu hjá þeim en 17 börn voru hjá dagforeldrum í öðrum sveitarfélögum. Alls var því greitt með 52 börnum hjá dagforeldrum. Öll voru börnin 2 ára og yngri, flest voru fædd 2013.

Í niðurstöðum viðhorfsskönnunar sem gerð var á meðal foreldra barna hjá dagforeldrum kom í ljós að börnum sem eru í vist hjá dagforeldrum líður almennt vel í daggæslunni að mati foreldra þeirra. Foreldrar eru almennt ánægðir með daggæsluna og telja að umönnun og öryggi barnanna sé vel sinnt þar. Það sem helst virðist mega bæta er upplýsingagjöf frá dagforeldrum til foreldra, einkum varðandi matinn sem börnunum er boðið upp á. Í framhaldi af niðurstöðum könnunarinnar var lagt til að dagforeldrar kynntu matseðil fyrir foreldrum vikulega og hefðu hann sýnilegan þeim. Einnig að dagforeldrar upplýstu foreldra um innihald og hollustu matseðilsins. Þá var áréttað að dagforeldrar þyrftu að gefa sér tíma til að gefa foreldrum upplýsingar um hvernig dagurinn gekk fyrir sig hjá barninu í gæslunni.

MENNING

Karólína Eiríksdóttir tónskáld var bæjarlistamaður Garðabæjar árið 2015.

Söfn í Garðabæ tóku þátt í Safnanótt í febrúar. Safnanótt er hluti af Vetrarhátíð í Reykjavík og söfn á öllu höfuðborgarsvæðinu taka þátt í dagskránni. Sundlauganótt sem einnig er hluti af Vetrarhátíð er haldin daginn eftir Safnanótt og tók Álftaneslaug í Garðabæ þátt í þeirri dagskrá annað árið í röð.

Tónleikaröðin Þriðjudagsklassík í Garðabæ var haldin í þriðja sinn með fernum tónleikum sem haldnir voru fyrsta þriðjudagskvöld í mánuði, frá mars til júní.

Jazzhátíð Garðabæjar var haldin í tíunda sinn dagana 23.-26. apríl. Fjölbreytt dagskrá var í boði og góð aðsókn.

Í lok apríl stóð menningar- og safnanefnd Garðabæjar fyrir opnum fundi í Kirkjuhvoli, safnaðarheimili Vídalínskirkju, um menningarmál í Garðabæ. Fundurinn var vel sóttur. Hátt í 60 manns mættu og tóku þátt í umræðum um hvernig megi efla og bæta menningarlífið í Garðabæ.

Bókasafn Garðabæjar og Fugla- og náttúruverndarfélag Álftaness stóðu fyrir fuglaskoðunargöngu í maí. Álftanes er þekkt fyrir mikið og fjölbreytt fuglalíf og er frábær staður til að fylgjast með komu farfugla enda var góð þátttaka í göngunni. Einnig var boðið upp á söngugöngu um Garðaholt og Garðahverfi í maí.

Hin árlega Jónsmessugleði Grósku sem haldin er í samstarfi við Garðabæ fór fram í fallegu sumarveðri fimmtudaginn 25. júní við sjávarsíðuna í Sjálandshverfinu.



Tónlistarveisla í skammdeginu á vegum menningar- og safnanefndar Garðabæjar var haldin í nóvember í göngugötunni á Garðatorgi. Hljómsveitin Hjaltalín steig á stökk og skemmti fjölmörgum áheyrendum.

HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS

Hönnunarsafn Íslands stóð fyrir fjölbreyttum sýningum og annarri starfsemi á árinu.

Sýningar ársins voru:

- I. Prýði (18.10.2014-25.01.15). Haldin í samstarfi við Félag íslenskra gullsmiða. Á sýningunni voru gripir eftir 40 gullsmiði.
- II. Ertu tilbúin, frú forseti (06.02.2014-22.02.2015). Á sýningunni var sjónum beint að fatnaði frú Vigdísar Finnbogadóttur í forsetatíð hennar.
- III. Um þeu plus (06.02.2015-31.05.2015). Teikningar og skissur Helgu Björnsson tískuhönnuðar.
- IV. Ámundi (11.03.2015-31.05.2015). Yfirlitssýning á verkum Ámunda Sigurðssonar, grafíks hönnuðar.
- V. Geymilegir hlutir (12.06.2015-04.06.2017).

Einnig má nefna verkefnið Hönnunarsafnið á röngunni sem safnið stóð fyrir um sumarið. Þá var hluti af sýningarrými safnsins nýtt undir vinnusvæði starfsfólks til skráningar og myndatöku safnmuna. Þetta var gert til að starfsfólk fengi tækifæri til að spjalla við gesti um safnið og muni þess og gera starf sitt sýnilegra fyrir gestum.

BÓKASAFN GARÐABÆJAR

Bókasafn Garðabæjar er upplýsinga- og menningarmiðstöð og er helsta hlutverk þess að veita aðgang að fjölbreyttum bókakosti, gögnum og miðlum til fræðslu og afþreyingar. Bókasafnið er starfrækt á tveimur stöðum í bænum, á Garðatorgi og í Álftanesskóla í samsteypusafni almenningsbókasafns og skólábókasafns. Ýmsir klúbbar eru starfræktir á bókasafninu eins og leshringur og ættfræðiklúbbur. Einnig er boðið upp á viðburði reglulega yfir árið, til dæmi upplestur, fræðslu, sögustundir fyrir börn og fleira. Bókasafnið tekur þátt í ýmsum hátíðum og viðburðum sem eru í gangi í Garðabæ og nágrenni og býður upp á smíðjur og aðra skemmtun. Safnanótt var stærsti viðburðadagur safnsins á árinu og var boðið upp á sýninguna Gleymt og geymt, söngatriði, erindi og fleira. Margrét Sigurgeirsdóttir tók við starfi forstöðumanns Bókasafns Garðabæjar um haustið.

ÍÞRÓTTIR

Íþróttamenn Garðabæjar árið 2015 voru þau Andrea Sif Pétursdóttir, fimleikakona úr Stjörnunni og Dagfinnur Ari Normann, kraftlyftingamaður úr Stjörnunni.

Á árinu fór fram umræða um stærð og staðsetningu fjölnota íþróttahúss í Garðabæ. M.a. var haldinn íbúafundur í mars þar sem kynntar voru ólíkar hugmyndir um staðsetningu hússins.

Kvennahlaup Sjóvá ÍSí fór fram í júní í 26. sinn. Fjölmennasta hlaupið var að venju í Garðabæ. Í tilefni af því að á árinu 2015 voru liðin 100 ár frá því að konur fengu kosningarétt til bauð mannréttinda- og forvarnarnefnd Garðabæjar öllum að taka þátt í táknrænum kosningum á Kvennahlaupsdaginn.



TÆKNI- OG UMHVERFISSVIÐ

Tækni- og umhverfissvið hefur umsjón með öllum verklegum framkvæmdum bæjarins, annast undirbúning framkvæmda, gerð kostnaðaráætlana og framkvæmdaeftirlit. Tæknisviðið annast rekstur fasteigna bæjarins og byggingareftirlit vegna nýbygginga. Undir sviðið heyra embætti skipulagsstjóra, byggingarfulltrúa, umhverfisstjóra, vatnsveita og fráveita, garðyrkjudeild ásamt þjónustumiðstöð bæjarins. Umferðaröryggismál og rekstur gatna, gangstétta og stígakerfis heyra einnig undir sviðið.

Forstöðumaður sviðsins er Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur.

SKIPULAGSMÁL

Vinna við aðalskipulag Garðabæjar fyrir tímabilið 2016 – 2030 var stærsta verkefni ársins á skipulagssviði. Nýtt aðalskipulag verður fyrsta aðalskipulag hins sameinaða sveitarfélags Garðabæjar og Álftaness. Í janúar var haldinn kynningarfundur um lýsingu á gerð aðalskipulagsins og í nóvember voru haldnir íbúafundir um stefnumótun í aðalskipulagi þar sem gerð var grein fyrir stöðu verksins og ýmsum skipulagskostum sem þarf að meta og taka ákvarðanir um.

Í maí var auglýst tillaga að breytingu á deiliskiplagi Ása og Grunda þar sem gert var ráð fyrir að veitingahúsalóðin að Ránargrund stækki og að hámarksstærð veitingahússins verði 500 m² í stað 300 m².

Í október var auglýst samkeppni um rammaskipulag byggðar fyrir ungt fjölskyldufólk við Hraunsholtslæk þar sem áhersla er lögð á þetta íbúðabyggð.

Garðafélagið bauð til stuttrar athafnar í Garðakirkjugarði í október þar sem félagið afhenti Garðabæ formlega deiliskipulag fyrir Garðahverfi. Félagið lét vinna skipulagið í samstarfi við bæjaryfirvöld og sóknarnefnd Garðaprestakalls.

UMHVERFISMÁL

Umhverfisnefnd efndi til fræðslufundar á Bjarnastöðum á Álftanesi í apríl til að kynna viðamikla rannsókn á fuglalífi á Álftanesi. Nærumhverfið skiptir okkur máli var yfirskrift íbúafundar á vegum umhverfisnefndar Garðabæjar sem var haldinn í maí. Þar var m.a. rætt um vorhreinsun, gróður á lóðum, trjáklippingar, safnhaugagerð, hreinsun og viðhald gatna, slátt og hirðingu opinna svæða.



Sumarstörf umhverfishópa hófust 1. júní 2015. Þrír hópar byrjuðu í byrjun júní og tveir bættust við um miðjan mánuðinn. Umhverfishóparnir unnu að fjölbreyttum verkefnum við að gera bæjarlandið snyrtilegt.

Eigendur fjögurra einbýlishúslóða og einnar fjölbýlishúsalóðar fengu í júlí, afhentar viðurkenningar fyrir snyrtilegt umhverfi 2015. Fífumýri 8-15 var valin snyrtilegasta gatan og viðurkenningu fyrir lóð fyrirtækis eða stofnunar fékk Hjúkrunarheimilið Ísafold, við Strikið í Sjálandi.

Fræðslu- og söguskilti um Búrfellsgjá var afhjúpað í nóvember. Skiltið er staðsett á efri brún Hjallamísgengis, þar sem farið er niður timburtröppur á gönguleið í Búrfellsgjá og á Búrfell.



FRAMKVÆMDIR

Bæjaryfirvöld í Garðabæ í samstarfi við Vegagerðina hófu framkvæmdir við hjóla- og göngustíg yfir Arnarneshæð milli Hafnarfjarðarvegar og lóða við Hegranes og Súlunes á Arnarnesi. Stígurinn er í samræmi við gildandi deiliskipulag fyrir Arnarnes og er mikilvægur áfangi í uppbyggingu samfelldra hjóla- og göngustíga meðfram stofnbrautunum tveimur sem liggja í gegnum Garðabæ, Hafnarfjarðarvegi og Reykjanesbraut.

Sumarið 2015 var ráðist í framkvæmdir við endurnýjun lagna í Flatahverfi. Um er að ræða lagnir fyrir heitt og kalt vatn, rafmagn, síma/nettengingar og frárennsli. Einnig voru stéttar endurnýjaðar. Ekki tókst að ljúka frágangi yfirborða á árinu og verður þeim lokið vorið 2016.

Framkvæmdum við viðbyggingu Hofstaðaskóla lauk á árinu. Nýbyggingin er alls um 1100 m² að stærð, á tveimur hæðum. Verkið var boðið út um vorið og var samið við fyrirtækið JÁ- Verk um framkvæmdina. Arkitektar nýbyggingar og breytinga eru hönnuðir skólans, Úti og Inni arkitektar en hönnunarstjóri var Baldur Ó. Svavarsson arkitekt.

Viðgerðir á úthliðum turnsins á Garðatorgi stóðu yfir um sumarið. Flísar á turninum neðanverðum losnuðu í því mikla vot- og hvassviðri sem herjaði á landið veturinn á undan. Skipta þurfti alveg um flísar á neðri hluta turnsins og gera lagfæringar á nokkrum stöðum innanhúss þar sem vatn hafði komist að.



ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ

Snjómokstur var mjög mikill mánuðina janúar til mars og í nóvember og desember. Samningur var gerður við Loftorku um viðgerðir og yfirlagnir gatna í bænum. Áfram var barist gegn veggjakroti. Miklar framkvæmdir hafa verið við hjólastíga og hljóðvarnir í bænum t.d. við Vífilsstaðaveg og við Hafnarfjarðarveg. Eins voru stígar á Álftanesi við Vesturtún ljósvæddir.

GARÐYRKJUDEILD

Garðyrkjudeild sér um umhirðu á gróðurbeðum, grassvæðum opinna svæða, stofnanalóðum bæjarins þ.e. leik- og grunnskólalóðum og gróðursetningu sumarblóma. Garðyrkjan sér einnig um viðhald og uppbyggingu nýrra leiksvæða. Á árinu var unnið mikið við gróðursetningar t.d. á Hofsstaðaskólalóð vegna stækkunar skólans og einnig var nokkuð af gróðri í Sjálandshverfi endurnýjaður. Veðrið var gott um sumarið árið 2015 þannig að sláttur, hirðing og önnur umhirða gekk vel.

ÁRSREIKNINGUR 2015

SKÝRSLA OG ÁRITUN BÆJARSTJÓRA OG BÆJARSTJÓRNAR

Ársreikningur Garðabæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 11.701 millj. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 10.339 millj. kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 13,70% en lögbundið hámark þess er 14,52%. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki nam 0,24% en lögbundið hámark þess er 0,5%, í B-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið og í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,65% en lögbundið hámark þess er 1,32% auk heimildar sveitarstjórna til að hækka álagningu A og C flokkanna um allt að 25%.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins, samkvæmt ársreikningi A og B hluta, var jákvæð um 165 millj. kr., en rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 16 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2015 nam 11.894 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 11.206 millj. kr.


Ársreikningur Garðabæjar fyrir árið 2015 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn.

Garðabæ, 15. mars 2016.

Bæjarstjóri:




Bæjarráð:



Ársreikningur Garðabæjar fyrir árið 2015 hefur hlotið afgreiðslu bæjarstjórnar í samræmi við ákvæði 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í bæjarstjórn.

Garðabæ, 7. apríl 2016.

Bæjarstjórn:



ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til bæjarstjórnar Garðabæjar

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Garðabæjar fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð bæjarstjórnar og bæjarstjóra á ársreikningnum

Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit


Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2015, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga.

Staðfesting vegna skýrslu bæjarstjóra og bæjarstjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu bæjarstjóra og bæjarstjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 7. apríl 2016.

KPMG ehf.



REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2015

		A hluti			A og B hluti		
	Skýr.	Ársreikningur 2015	Áætlun 2015 með viðaukum	Ársreikningur 2014	Ársreikningur 2015	Áætlun 2015 með viðaukum	Ársreikningur 2014
Rekstrartekjur							
Útsvar og fasteignaskattur	4	8.426.456	8.216.135	7.768.391	8.401.825	8.204.517	7.757.142
Framlög Jöfnunarsjóðs	4	855.142	766.000	802.434	855.142	766.000	802.434
Aðrar tekjur	4	1.057.457	965.657	917.857	2.444.255	2.252.889	2.164.997
		10.339.055	9.947.792	9.488.683	11.701.223	11.223.406	10.724.573
Rekstrargjöld							
Laun og launatengd gjöld	5	5.240.771	5.104.613	4.707.785	5.883.389	5.673.703	5.282.255
Annar rekstrarkostnaður	6	4.259.816	4.058.255	3.819.964	4.539.784	4.293.529	4.060.309
		9.500.587	9.162.868	8.527.749	10.423.173	9.967.232	9.342.564
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir		838.468	784.924	960.934	1.278.050	1.256.174	1.382.009
Afskriftir	9	(601.908)	(560.483)	(543.311)	(732.132)	(682.397)	(647.487)
Rekstrarniðurstaða án fjármuna- tekna og (fjármagnsgjalda)		236.560	224.442	417.623	545.918	573.777	734.522
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	7	(220.968)	(252.590)	(177.608)	(380.871)	(473.433)	(295.369)
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) 14		15.591	(28.148)	240.016	165.047	100.344	439.153

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026

EFNAHAGSREIKNINGUR

Eignir					
		A hluti		A og B hluti	
	Skýr.	2015	2014	2015	2014
Fastafjármunir					
Varanlegir rekstrarfjármunir:					
Fasteignir og lóðir	9	15.866.343	15.076.150	17.631.333	16.885.508
Byggingarland, veitu- og gatnakerfi	9	1.304.998	997.991	3.567.298	2.166.883
Áhöld og tæki	9	301.073	270.779	369.333	343.511
Leigðar eignir	9	360.314	400.693	360.314	400.693
		17.832.729	16.745.613	21.928.278	19.796.594
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Eignarhlutir í félögum	10	503.705	503.705	499.705	499.705
Langtímakröfur	11	68.040	67.395	68.040	67.395
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	12	1.450.873	1.520.441	0	0
		2.022.618	2.091.541	567.745	567.101
Fastafjármunir		19.855.347	18.837.154	22.496.022	20.363.695
Veltufjármunir					
Birgðir	3i	2.948	3.750	2.948	3.750
Skammtímakröfur:					
Óinnheimtar skatttekjur	13	739.573	655.460	739.573	655.460
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki		904.115	187.149	0	0
Næsta árs afborganir eigin fyrirtæki	12	100.206	96.399	0	0
Næsta árs afborgarnir langtímakrafna	11	3.305	3.251	3.305	3.251
Aðrar skammtímakröfur	13	472.815	340.393	490.857	349.178
Handbært fé	3k	24.471	175.335	24.471	175.335
Veltufjármunir		2.247.434	1.461.736	1.261.154	1.186.974
Eignir samtals		22.102.780	20.298.891	23.757.177	21.550.669
Eignir utan efnahagsreiknings 3l					

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

Eigið fé og skuldir

		A hluti		A og B hluti	
	Skýr.	2015	2014	2015	2014
Eigið fé					
Eiginfjárreikningur	14	11.205.973	10.947.766	11.894.271	11.486.609
Skuldbindingar					
Lífeyrisskuldbinding	15	1.914.345	1.744.719	1.935.417	1.763.757
Langtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir	16	4.189.973	4.175.694	5.090.526	5.071.598
Leiguskuldir	17	610.985	646.086	610.985	646.086
Fyrirframinnheimtar tekjur	18	1.845.886	658.188	1.845.886	658.188
		6.646.844	5.479.968	7.547.398	6.375.871
Skammtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir		179.904	0	179.904	0
Skuldir við eigin fyrirtæki		21.095	257.956	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	16	690.854	576.687	704.118	589.281
Næsta árs afborganir leiguskulda	17	53.763	49.923	53.763	49.923
Næsta árs greiðslur lífeyrisskuldbindingar	15	63.008	53.924	63.074	53.960
Fyrirframinnheimtar tekjur	18	201.595	322.125	249.590	361.236
Aðrar skammtímaskuldir		1.125.399	865.822	1.129.642	870.032
		2.335.618	2.126.437	2.380.091	1.924.432
Skuldir og skuldbindingar samtals		10.896.807	9.351.124	11.862.906	10.064.060
Eigið fé og skuldir samtals		22.102.780	20.298.891	23.757.177	21.550.669

Skuldbindingar utan efnahagsreiknings 20

SJÓÐSTREYMISYFIRLIT 2015

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

		A hluti			A og B hluti		
	Skýr	Ársreikningur 2015	Áætlun 2015 með viðaukum	Ársreikningur 2014	Ársreikningur 2015	Áætlun 2015 með viðaukum	Ársreikningur 2014
Rekstrarhreyfingar							
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	14	15.591	(28.148)	240.016	165.047	100.344	439.153
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir	9	601.908	560.483	543.311	732.132	682.396	647.487
Verðbætur og gengismunur		66.362	195.245	36.396	116.702	311.063	63.278
Sölutap (hagnaður)		143	0	(147)	143	0	(147)
Hækkun á lífeyrisskuldbindingu .	15	246.084	106.000	198.410	248.148	106.000	199.401
Veltufé frá rekstri		930.089	833.579	1.017.986	1.262.171	1.199.803	1.349.172
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:							
Birgðir, breyting		802	0	(738)	802	0	(738)
Óinnh. skatttekjur, breyting		(84.113)	0	5.297	(84.113)	0	5.297
